

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
601Akureyri

Reykjavík 25. mars 2020  
UST202003-135/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga á deiliskipulagi fyrir vinnslusvæði Norðurorku við Hjalteyri í Hörgársveit.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á deiliskipulagstillögu fyrir jarðhitavinnslusvæði ofan byggðar við Hjalteyri í Hörgársveit.

Í greinargerð kemur fram að verkefnið felst m.a. í sér að skilgreina og setja skilmála vegna núverandi og fyrirhugaðra mannvirkja sem eru m.a. borholur, dælustöð, borholuhús og skiljur, auk lagna að og um svæðið sem er um 14,5 ha að stærð.

### **Votlendi**

Þar sem deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir lögnum að og um svæðið bendir Umhverfisstofnun á að á deiliskipulagssvæðinu er lítt raskað votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu þess á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) <https://serstokvernd.ni.is/>.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd votlendis sem er 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærra. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun votlendis sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé

til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan til 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufernbærni sem verða fyrir röskun.

### Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að meginhluti skipulagssvæðisins er mólendi eða graslendi en norðan og austan vinnslusvæðis/ borsvæðis NO er þó votlendi að hluta. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti NÍ (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í 2. gr. laga nr.60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr raski á ofangreindum vistgerðum og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að lagnaleiðir séu skoðaðar til að vernda vistgerðir og halda raski þeirra í lágmarki.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur